

Hafnarfjörður 22.05.2014

**Eygló Gunnarsdóttir**  
**Brekkugötu 13**  
**220 Hafnarfjörður**

**Drög að svari** við athugasemd á skipulagi Suðurbæjar sunnan Hamars vegna breytinga á lóð nr. 13 við Brekkugötu.

**Athugasemd** var gerð við að samkvæmt skipulagstillögunni hefur ekki verið tekið tillit til beiðni lóðarhafa um að lóð Brekkugötu 13 fái landspildu sunnan við lóðina þar sem byggður yrði bílskúr. Lóðarhafi hugði hafa makaskipi á þessari spildu og landi austast á lóðinni.

**Svar:** Lóð Brekkugötu 13 er óvenju stór, samkvæmt leigusamningi frá árinu 1946 er hún 1182.1 m<sup>2</sup>. Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir bílskúr sunnan við íbúðarhús og innan núverandi lóðar. Ekki þykir ástæða til að minnka opið svæði sem liggur frá Brekkugötu og upp á Hamarinn.

**Ábending um núverandi lóðamörk:** Lóðarhafi Brekkugötu 13 bendir á að lóðamörk Brekkugötu 11 og 13 liggi saman. Við skipulagsvinnuna hafa lóðaleigusamningar verið yfirfarnir og lóðamörk verið lagfærð til samræmis við þá notkun sem hefð hefur skapast um. Misræmi er á milli lóðaleigusamnings fyrir Brekkugötu 11 frá árinu 1908 þar sem segir að lóðin sé ferningur, 35 álnir að austan og vestan en 20 álnir að sunnan og norðan. Kort með lóðaleigusamningi fyrir Brekkugötu 13 frá árinu 1946 sýnir að lóðamörk Brekkugötu eru ekki hornrétt að götu. Samkvæmt samningunum myndast ræma milli lóðanna. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að þetta bil tilheyri í framtíðinni lóð nr. 13.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir breyttum lóðamörkum en lóðaleigusamningi verður ekki breytt nema lóðarhafi Brekkugötu 13 óski þess.

**Bókun:**

Nýtt deiliskipulag er hægt að kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála Skúlagötu 21, 101 Reykjavík innan eins mánaðar frá birtingu samþykktarinnar í b-deild Stjórnartíðinda samkvæmt 52. gr. laga nr. 123/2010.



## HAFNARFJÖRÐUR

Þegar kæra til úrskurðarnefndar er lögð fram er mikilvægt að fram komi hvaða ákvörðun það er sem kærð er, hvernig hún snerti hagsmuni kæranda og hvaða kröfur séu gerðar. Æskilegt er að kærinni fylgi tiltæk gögn, svo sem afrit fundargerða stjórnvalds er varða hina kærðu ákvörðun og bréfaskipti um málið sem kunna að hafa átt sér stað milli kæranda (kæranda) og þess stjórnvalds er tók hina kærðu ákvörðun.

**Með kveðju,**

**Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt**  
Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar